

Ár 2018, miðvikdaginn 17. janúar, er í Áfrýjunardómstóli Íþróttar og Ólympíusambands Íslands, í málínu nr. 6/2017:

**Björn Róbert Sigurðsson**

gegn

**Lyfjaráði Íslands**

uppkveðinn svohljóðandi

dómur:

Málið dæma Helgi Sigurðsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Áfrýjandi skaut málínu til dómstólsins með áfrýjun hinn 12. desember 2017. Áfrýjað er dómi Dómstóls Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands frá 6. desember 2017. Dómsorð hins áfrýjaða dóms er svohljóðandi: „Kærði, Björn Róbert Sigurðsson, er dæmdur til fjögurra ára óhlutgengis til þáttlöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra frá 6. september 2017.“

Fyrir dómstólnum gerir áfrýjandi þær kröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málínu visað heim til dómstóls ÍSÍ til efnislegrar úrlausnar. Til vara er þess krafist að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að kröfur hans fyrir dómstóli ÍSÍ verði tekna til greina. Kröfur áfrýjanda fyrir dómstóli ÍSÍ eru að hann verði sýknaður af kröfu kæranda og til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Loks er krafist málkostnaðar úr hendi stefnda fyrir dómstóli ÍSÍ og áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

Stefndi gerir þær kröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur auk þess sem krafist er málkostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir dómstóli ÍSÍ og áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

Málið var dómtekið að lokinni fyrirtöku þess miðvikudaginn 5. janúar 2018. Af hálfu áfrýjanda, er áfrýjandi sjálfur mættur og lögmaður hans Sveinbjörn Claessen. Af hálfu stefnda er Davið Rúrik Ólafsson, ÍSÍ og Birgir Sverrisson hjá lyfjaráði. Lögmaður áfrýjanda og þeir Davið og Birgir gerðu grein fyrir sjónarmiðum hvors aðila um sig.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi sem og málsástæður hvors aðila um sig og visast til þess.

**Niðurstaða:**

Þeirri kröfu að dómurinn verði ómerktur þar sem hann var ekki kveðinn upp innan viku skv. grein 27.9. í lögum ÍSÍ er hafnað, enda frestur á uppkvaðningu dómsins óverulegur og skerðir ekki þá lögvörðu hagsmuni sem málið varðar.

Í lögum ÍSÍ um lyfjamál er í inngangi fjallað sérstaklega um gildissvið þeirra, sem er viðtækt og tekur til allra iöknda í starfsemi landssambanda. Kemur ekki til greina að lita svo á að einstaklingar sem tilheyra sérsambandi geti búið við takmarkaðri reglur um lyfjaeftirlit en aðrir á þeim forsendum að viðkomandi sérsambandi hafi láðst að fella þessi lög inn í sínar reglur. Verður að skilja ákvæði í kafla 1.2. í lögunum með þeim hætti að skuldbindingar sérsambanda um að fella löginn inn í regluverk sitt séu einungis til frekari áréttингar og útbreiðslu á reglunum en ekki forsenda þess að lögunum verði beitt gagnvart þeim sem falla undir viðkomandi sérsamband. Með visan til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms er sú niðurstaða staðfest að kærði falli undir gildissvið laga ÍSÍ um lyfjamál skv. greinum 1.3.1.1. og 1.3.1.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að ákærar sé haldin ágöllum sem felist í því að tilgreina ekki sérstaklega hvaða undirgreinar 10.2.1. eigi við nánar tiltekið 10.2.1.1. og 10.2.1.2 í lögum um lyfjamál. Í málinu er upplýst og viðurkennt að kærði hafi neytt efna á bannlista Alþjóðalyfjaeftirlitsins. Samkvæmt lyfjasýni er um að ræða annars vegar tvö efni úr flokki S1.1A sem falla undir ákvæði 10.2.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál og hins vegar niðurbrotsefni úr flokki S4 sem fellur undir ákvæði 10.2.1.2. Tilefni til þess að tilgreina þessar undirgreinar sérstaklega í kæru skiptu því ekki máli auk þess sem það getur ekki leitt til sýknu. Að öðru leyti með visan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður sýknukröfu á grundvelli þessa hafnað.

Samkvæmt grein 10.2. í lögum ÍSÍ um lyfjamál varðar brot á grein 2.1. óhlutengi í fjögur ár. Heimildir dómstóla til refsilækkunar eru mjög takmarkaðir í lögunum eins og fram kemur í forsendum hins áfrýjaða dóms. Með visan til þessa og að öðru leyti forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

#### Dómsorð


Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. Málskostnaður fyrir Áfrýjunardómstól ÍSÍ fellur niður.



Helgi Sigurðsson



Helga Melkora Óttarsdóttir



Hulda Árnadóttir